Atvinnustefna Íslands

Vaxtarplan til 2035

Stjórnarráð Íslands



DRÖG

Efnisyfirlit

1. Um atvinnustefnu
    - Drög að atvinnustefnu – markmið samráðs
    - Lykilviðfangsefni og áskoranir
2. Atvinnustefna
    - Framtíðarsýn og meginmarkmið
    - Inngangur
    - Þverlæg viðfangsefni
    - Markmið, mælikvarðar og stefnuáherslur
    - Almennar stefnuáherslur
    - Sértækar stefnuáherslur

Drög að atvinnustefnu – markmið samráðs

Skjalið sem nú er lagt fram í samráðsgátt stjórnvalda eru drög að atvinnustefnu til 2035 og er almenningi og haghöfum boðið að setja fram sín sjónarmið. Skjalinu fylgir jafnframt stöðugreining þar sem dregin eru fram lykilviðfangsefni stefnunnar og áskoranir sem henni er ætlað að koma inn á.

Almenningi og haghöfum er jafnframt boðið að svara spurningum um afmörkuð viðfangsefni og aðgerðir sem síðar verða settar fram í aðgerðaáætlun til að vinna að framgangi stefnunnar.

Stefnt er að því að endanleg atvinnustefna ásamt aðgerðaáætlun verði samþykkt af ríkisstjórn á fyrsta ársfjórðungi 2026.

Lykilviðfangsefni og áskoranir

- Hagvöxtur á mann hefur verið takmarkaður á undanförnum fimm árum og lakari á Íslandi en í helstu samanburðarlöndum – brýnt er að snúa þessari þróun við.
- Lífskjör á Íslandi ráðast af árangri í útflutningi – útflutningur er enn tiltölulega einhæfur og mikilvægt að stefna að kröftugum vexti fjölbreyttra útflutningsgreina sem ekki reiða sig á takmarkaðar auðlindir.
- Ísland nýtur góðs af mikilli atvinnuþátttöku og hagstæðri aldurssamsetningu íbúa – ekki er hægt að gera ráð fyrir að það ástand vari til allrar framtíðar.
- Hagvöxtur sem drifinn er af fólksfjölgun skapar álag á opinbera þjónustu og alla helstu innviði – mikilvægt er að stuðla að því að þróun atvinnulífs sé í jafnvægi við innviði og umhverfi.
- Fjármunaeign á hvert stöðugildi í íslensku atvinnulífi hefur dregist saman. Mikilvægt er að ryðja úr vegi hindrunum, skapa góð skilyrði og stöðugleika til frekari fjárfestinga í íslensku atvinnulífi.
- Til að verja lífskjör á Íslandi og sækja fram er mikilvægt að skapa umhverfi sem nærir vöxt þekkingargreina og fjölbreyttra útflutningsgreina með mikla framleiðni.

Framtíðarsýn og meginmarkmið

Framtíðarsýn og meginmarkmið

Framtíðarsýn

Verðmætasköpun er knúin af fjölbreyttum útflutningi sem byggir á nýsköpun og sjálfbærri nýtingu auðlinda. Framleiðni er mikil, alþjóðleg samkeppnishæfni er góð og fjölbreytt störf finnast um allt land. Losun gróðurhúsalofttegunda hjá útflutningsgreinum er hverfandi.

Meginmarkmið

Kröftugur vöxtur útflutnings sem byggir á atvinnugreinum með mikla framleiðni.

Inngangur

Inngangur

Atvinnustefna Íslands er 10 ára vaxtarplan sem lýsir því hvernig stjórnvöld vinna með atvinnulífinu og samfélaginu að aukinni verðmætasköpun. Meginmarkmið stefnunnar er kröftugur vöxtur útflutnings sem byggir á atvinnugreinum með mikla framleiðni.

Markviss atvinnustefna gerir ríkisstjórninni kleift að samhæfa aðgerðir stjórnvalda gagnvart atvinnulífi og veitir fyrirsjáanleika til fjárfestinga. Stefnan styður við áherslur stjórnvalda varðandi atvinnuuppbyggingu um allt land, aukið áfallaþol íslensks efnahagslífs og samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.

Inngangur

Atvinnustefnan byggir á styrkleikum Íslands. Auðlindagreinar og hugverkaiðnaður eru áfram í lykilhlutverki og litið er til vaxtartækifæra þar sem framleiðni vinnuafls er mikil. Lögð er áhersla á framleiðnivöxt núverandi útflutningsstoða og vöxt háframleiðnigreina á borð við lagareldi, lífvísindaiðnað og gagnaver í jafnvægi við innviði og umhverfi.

Ráðist verður í samhæfðar aðgerðir svo styrkja megi innviði, efla vísindi og nýsköpun, auka færni og menntun, einfalda regluverk og auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Til að styðja við hagvöxt og orkuskipti verður aðgengi að hagkvæmri og endurnýjanlegri orku aukið. Aðgengi íslensks atvinnulífs að erlendum mörkuðum verður áfram varið með virkri hagsmunagæslu stjórnvalda á alþjóðlegum vettvangi.

Inngangur

Ríkisstjórnin mun vinna skipulega að þróun nýrra kjölfestuverkefna á landsbyggðinni til að treysta byggð og atvinnulíf um allt land. Þannig beita stjórnvöld sér með virkum hætti til að stuðla að blómlegri atvinnuþróun um land allt.

Unnið verður að eftirfylgni atvinnustefnunnar og aðgerða hennar þvert á ráðuneyti undir forystu forsætisráðuneytis. Óháð atvinnustefnuráð er ríkisstjórn til ráðgjafar um mótun og framkvæmd stefnunnar.

Þverlæg viðfangsefni

Uppbygging um land allt

Atvinnustefna er tæki fyrir stjórnvöld til að styðja við **hagvöxt og fjölbreytt störf í öllum landshlutum**. Til að hrinda áherslum stefnunnar í framkvæmd verður byggt á sérstöðu og styrkleikum hvers landsvæðis. Samhliða innleiðingu stefnunnar verður sérstaklega litið til tækifæra fyrir **nýjar stórfjárfestingar á sviði atvinnuþróunar um allt land**.

Stjórnvöld vilja stuðla að framþróun og uppbyggingu í öllum landshlutum með mótun **aðgerða sem styðja við ný atvinnutækifæri og jákvæða byggðaþróun**. Í sumum tilvikum verður byggt á aðgerðum sem þegar eru hluti byggðaáætlunar stjórnvalda og framkvæmdum forgangsraðað með þeim hætti.



Aukið áfallaþol

Atvinnustefnu stjórnvalda er ætlað að **styrkja áfallaþol Íslands með stuðningi við fjölbreyttan og öflugan útflutning**. Sviptingar í alþjóðamálum undirstrika mikilvægi seiglu og öryggis í aðfangakeðjum, áreiðanlegs aðgangs að mörkuðum og samfellu í framleiðslu og grunnþjónustu. Með því að stuðla að aukinni framleiðni, nýsköpun og samkeppnishæfni atvinnulífsins styrkir vel samhæfð atvinnustefna getu Íslands til að bregðast við áföllum og aðlagast breyttum alþjóðlegum aðstæðum.

Aðgerðir sem **efla orkuöryggi, tryggja áreiðanleika aðfangakeðja og styrkja stafræna innviði** styðja einnig við víðtækari markmið stjórnvalda um aukið áfallaþol. Stefna þessi á einnig, þar sem við á, að hvetja til **þróunar verkefna með tvíþætt notagildi** sem nýtast bæði í borgaralegum og varnartengdum tilgangi. Slík verkefni geta aukið viðnámsþrótt hagkerfisins og eflt framlag þjóðarinnar til sameiginlegs áfallaþols og öryggis á Norður-Atlantshafssvæðinu.

Samdráttur í losun

Atvinnustefnu stjórnvalda er ætlað að **styðja við fyrirhugaða loftslagsstefnu og núverandi loftslagsmarkmið**. Loftslagsbreytingar eru ein alvarlegasta hnattræna áskorun samtímans og munu hafa áhrif á atvinnulíf á Íslandi líkt og annars staðar í heiminum. Brýnt er að íslenskt atvinnulíf **aðlagist áhrifum** loftslagsbreytinga, **dragi úr losun** gróðurhúsalofttegunda og **nýti tækifærin** sem felast í útflutningi grænna lausna sem þróaðar hafa verið hér á landi.

Losunarkræfni íslensks útflutnings er meðal mælikvarða við mat á árangri atvinnustefnunnar. Stefnan miðar að því að draga út losunarkræfni (þ.e. losun gróðurhúsalofttegunda á móti útflutningsverðmætum) með því að draga úr losunarkræfni núverandi útflutningsgreina og með vexti útflutnings sem hefur litla eða enga losun.

Stefnuáherslur og aðgerðir verða mótaðar með þetta að leiðarljósi. M.a. verður byggt á aðgerðum í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum og framkvæmd þeirra forgangsraðað með þeim hætti.

Markmið, mælikvarðar og stefnuáherslur

Markmið og mælikvarðar

Við eftirfylgni og mat á árangri stefnunnar verður m.a. horft til eftirfarandi:

Afrakstur

Aukin landsframleiðsla á mann
sem er sterkur mælikvarði á batnandi lífskjör og árangur í efnahagsmálum

Meiri framleiðni vinnuafls
sem er sterkur mælikvarði á framfarir og árangur í efnahagsmálum

Aukinn útflutningur og fjölbreytni útflutnings
sem gefa vísbendingu um hvort vel gangi að styðja við útflutningsgreinar og efla viðnámsþrótt efnahagslífsins

Minni losunarkræfni útflutnings
sem gefur til kynna hvort vel gangi að draga úr losun og vaxa í útflutningi með litla eða enga losun

Auknar atvinnutekjur í öllum landshlutum
sem gefa vísbendingar um hvort vel gangi að stuðla að atvinnuuppbyggingu og fjölbreyttum störfum um land allt

Inntak

Aukin atvinnuvegafjárfesting og bein erlend fjárfesting
sem styðja við aukna framleiðni og gefa vísbendingar um heilbrigt efnahagsumhverfi

Aukin raforkuvinnsla
sem styður við aukinn útflutning, vöxt í atvinnugreinum með háa framleiðni og ný kjölfestuverkefni á landsbyggð

Aukin fjárfesting í rannsóknum og þróun
sem styður við nýsköpun, aukinn útflutning og vöxt í atvinnugreinum með háa framleiðni

Fleiri útskrifaðir nemar í STEM og starfs-, iðn- og tæknigreinum
sem verða burðarásinn í fyrirtækjum sem stunda nýsköpun á grundvelli rannsókna og þróunar

*STEM er alþjóðleg skammstöfun og stendur fyrir fræðagreinar á sviði verkfræði, raunvísinda, tækni, tölvunarfræði og náttúruvísinda.

Stefnuáherslur, aðgerðir og eftirfylgni

Atvinnustefnan samanstendur af **stefnuáherslum** sem skiptast í tvo flokka:

- **Almennar stefnuáherslur** sem styðja við meginmarkmið stefnunnar um vöxt útflutnings, alþjóðlega samkeppnishæfni og aukna framleiðni á Íslandi.
- **Sértækar stefnuáherslur** sem leggja grunn að því hvernig stjórnvöld hyggjast styðja við vöxt og aukna framleiðni mismunandi flokka útflutnings.

Til að hrinda stefnuáherslum í framkvæmd verða skilgreindar tímasettar **aðgerðir til fjögurra ára í senn**.

Sjálfstætt atvinnustefnuráð veitir ríkisstjórninni ráðgjöf um innleiðingu atvinnustefnunnar og fylgist með framvindu markmiða og mælikvarða. **Verkefnisstjórn aðgerðaáætlunar atvinnustefnu** er ábyrg fyrir samhæfingu og eftirfylgni aðgerða stefnunnar þvert á ráðuneyti.

Almennar stefnuáherslur

Almennar stefnuáherslur

Fimm almennar stefnuáherslur styðja við aukinn útflutning, alþjóðlega samkeppnishæfni og aukna framleiðni.

Styrkjum innviði

Eflum vísindi og nýsköpun

Tryggjum færni til framtíðar

Einföldum regluverk

Aukum aðgengi að erlendum mörkuðum



Styrkjum innviði

Öflugir **innviðir eru grunnforsenda samkeppnishæfs atvinnulífs** og mikilvæg undirstaða verðmætasköpunar. Lögð er áhersla á að uppbygging innviða taki m.a. mið af þörfum atvinnulífsins, tryggi ný tækifæri og komi í veg fyrir flöskuhálsa. Næsta hagvaxtarskeið byggir á sterkum innviðum á sviði orku, samgangna, stafrænna innviða, rannsókna og tækniþróunar.

Aðgengi að samkeppnishæfri og endurnýjanlegri raforku er undirstaða íslensks atvinnulífs. Lögð er áhersla á að uppbygging vinnslu og flutnings raforku verði fyrirsjáanleg og mæti þörfum atvinnulífs og samfélags. Til að þessi áhersla raungerist þarf raforkuverð að vera samkeppnishæft á alþjóðavísu, þ.m.t. flutnings- og dreifikostnaður.

Vegsamgöngur eru undirstaða flutninga afurða og ferðaþjónustu um land allt. Lögð er áhersla á að uppbygging og þjónusta við vegi taki mið af þörfum atvinnulífsins og íbúa. Efla skal innviði til **rannsókna og tækniþróunar, einkum stafræna innviði,** til að stuðla að nýsköpun og gera atvinnulífi kleift að **nýta gervigreind til aukinnar verðmætasköpunar**.

Spurning til hagaðila
- Til hvaða aðgerða geta stjórnvöld gripið til að raungera stefnuáhersluna?

Eflum vísindi og nýsköpun

Vísinda- og nýsköpunarstarf styður við blómlegt samfélag, aukna framleiðni og ný útflutningstækifæri. Lögð er áhersla á hugvit til að skapa ný tækifæri, þar sem þekking og skapandi hugsun eru drifkraftar fjölbreyttrar atvinnuuppbyggingar.

Lögð er áhersla á markvissan stuðning við rannsóknir og þróun sem er fyrirsjáanlegur og styður við markmið atvinnustefnu um aukinn útflutning. **Samkeppnissjóðir til rannsókna og nýsköpunar** skulu vera öflugir og aðgengilegir. **Almenningur og lífeyrissjóðir** eiga að hafa möguleika og sjá hag í því að fjárfesta í nýsköpunar- og vaxtarfyrirtækjum og áhersla verður lögð á **greiðan aðgang að ráðgjöf, aðstöðu og stuðningi fyrir vísindafólk og frumkvöðla um allt land**.

Lögð er áhersla á virkt samstarf háskóla, atvinnulífs og stjórnvalda á sviði vísinda og nýsköpunar til að styðja við aukna verðmætasköpun á nýjum sviðum. Með öflugu umhverfi sem styður við grunnrannsóknir, hagnýtingu vísinda, nýsköpun og tækniþróun má laða að fjármagn og skapa fjölbreytt útflutningstækifæri.

Spurning til hagaðila
- Til hvaða aðgerða geta stjórnvöld gripið til að raungera stefnuáhersluna?

Tryggjum færni til framtíðar

Raunvísindi, tæknigreinar, verkfræði og stærðfræði (STEM greinar) eru mikilvægur grunnur að nýsköpun og þróun nýrrar tækni. **Lögð er áhersla á að hlutfall háskólamenntaðra á sviði STEM hækki til að styðja við vöxt háframleiðni atvinnugreina**. Mikilli eftirspurn eftir færni og þekkingu á þessum sviðum verði mætt með auknum tækifærum til menntunar og hágæða kennslu á sviði STEM greina um land allt.

Jafnframt er lögð áhersla á að **efla starfs-, iðn- og tæknigreinar og móta sveigjanlegar kennsluaðferðir** í takti við þarfir samfélagsins. Einnig er brýnt að **laða erlenda sérfræðinga til landsins og móta skilvirka ferla um hæfni- og færnimat fyrir íslenskan vinnumarkað**.

Tryggja þarf **færni til að nýta gervigreind** á íslenskum vinnumarkaði á ábyrgan hátt til að auka framleiðni vinnuafls.

Spurning til hagaðila
- Til hvaða aðgerða geta stjórnvöld gripið til að raungera stefnuáhersluna?

Einföldum regluverk

Stöðugt, fyrirsjáanlegt og samkeppnishæft rekstrarumhverfi. Lögð er áhersla á aðgengilega og skilvirka stjórnsýslu til að bæta samkeppnishæfni atvinnulífs og draga úr kostnaði. Þá er mikilvægt að opinber þjónusta sé stafræn og notandinn í fyrirrúmi.

Leyfisveitingaferli verða rýnd í því augnamiði að einfalda aðgengi til samræmis við það sem gerist í helstu samkeppnislöndum Íslands. Þá er mikilvægt að **fjarlægja óþarfa hindranir** fyrir stofnun og reksturs fyrirtækja og efla þannig samkeppnishæfni þeirra.

Umgjörð um erlendar fjárfestingar skal vera einföld, gagnsæ og skilvirk. Þannig getur Ísland verið eftirsóttur áfangastaður erlendra fjárfestinga sem flytja hingað fjármagn, þekkingu og tækni sem styður við markmið atvinnustefnunnar.

Spurning til hagaðila
- Til hvaða aðgerða geta stjórnvöld gripið til að raungera stefnuáhersluna?

Aukum aðgengi að erlendum mörkuðum

Lögð er áhersla á að verja núverandi markaðsaðgengi íslenskra fyrirtækja, sérstaklega í helstu útflutningsgreinum landsins og á sama tíma að ryðja úr vegi viðskiptahindrunum til að **styðja við sókn á nýja markaði**. Stjórnvöld munu vinna náið með útflutningsfyrirtækjum til að greina áhættu snemma og bregðast tímanlega við áskorunum.

Lögð er áhersla á að alþjóðaviðskipti Íslands byggi á **traustum og fjölbreyttum viðskiptasamningum** sem tryggi aðgang að helstu mörkuðum. Unnið verði áfram að **endurnýjun og gerð nýrra fríverslunarsamninga** og þeir nýttir af krafti.

Í síbreytilegu alþjóðlegu efnahagsumhverfi, einkum á tímum aukinnar verndarstefnu, alþjóðlegs óstöðugleika og vaxandi samkeppni um aðgengi að mörkuðum, leggja stjórnvöld áherslu á að **gæta hagsmuna íslensks útflutnings af festu**.

Spurning til hagaðila
- Til hvaða aðgerða geta stjórnvöld gripið til að raungera stefnuáhersluna?

Sértækar stefnuáherslur

Sértækar stefnuáherslur

Með sértækum stefnuáherslum er lagður grunnur að því hvernig stjórnvöld hyggjast styðja við vöxt útflutnings og aukna framleiðni

Matvæli	Orkusækinn iðnaður	Upplifun	Heilsa	Loftslag
Nýsköpun og tækniþróun				
Sjávarútvegur Lagareldi o.fl.	Málmur Gagnaver o.fl.	Ferðaþjónusta Skapandi greinar o.fl.	Lyf Heilsutækni o.fl.	Kolefnisstjórnun Orkulausnir o.fl.

Nýsköpun og tækniþróun

Hugverkaiðnaður nær yfir starfsemi sem hverfist um nýsköpun, tækniþróun og hugbúnaðarþróun og tengist í mörgum tilfellum öðrum útflutningsgreinum. Samspil greina hugverkaiðnaðarins við aðrar atvinnugreinar skapar mikil og vaxandi verðmæti.

Vöxtur hugverkaiðnaðarins **takmarkast ekki af náttúruauðlindum** heldur aðgengi að hæfu starfsfólki með rétta færni og sérfræðiþekkingu. **Losun gróðurhúsalofttegunda er lítil eða engin** í rekstri fyrirtækja í hugverkaiðnaði sem fellur vel að markmiði um minnkandi losunarkræfni útflutningsverðmæta. Í hugverkaiðnaði eru **fjölbreytt störf og framleiðni mikil**.

Vöxtur hugverkaiðnaðar fellur að meginmarkmiði atvinnustefnunnar um vöxt útflutnings og aukna framleiðni. Tvær af fimm almennu stefnuáherslum hennar (*Eflum vísindi* og *nýsköpun og Tryggjum færni til framtíðar*) munu styðja við áframhaldandi vöxt hugverkaiðnaðar á næstu árum.

Spurning til hagaðila
- Til hvaða aðgerða geta stjórnvöld gripið til að styðja við útflutningsvöxt hugverkaiðnaðar?

Matvæli

Útflutningur matvæla frá Íslandi byggir fyrst og fremst á **bláa hagkerfinu**, þar sem alþjóðlega samkeppnishæfur sjávarútvegur hefur á undanförnum árum fjárfest verulega í nýsköpun og aukið framleiðni til muna. Lögð er áhersla á að **tryggja áframhaldandi alþjóðlega samkeppnishæfni sjávarútvegsins**, sem er ein af grunnstoðum íslensks útflutnings og verðmætasköpunar.

Mikil vaxtartækifæri felast í lagareldi, bæði í sjó og á landi. Sú starfsemi **fellur vel að markmiðum atvinnustefnunnar** um aukna framleiðni, fjölbreyttari útflutning og vöxt í öllum landshlutum. Lögð er áhersla á að skapa skilyrði til að undirbyggja öflugan og sjálfbæran vöxt í þessum geira.

Að auki er lögð áhersla á önnur tækifæri til útflutnings í matvælageiranum, meðal annars í hátækniframleiðslu próteina, ylrækt og ýmsum hefðbundnum og óhefðbundnum landbúnaðarafurðum.

Spurningar til hagaðila

- Til hvaða aðgerða geta stjórnvöld gripið til að styðja við framleiðnivöxt, aukið áfallaþol og minni losun í sjávarútvegi?
- Til hvaða aðgerða geta stjórnvöld gripið til að styðja við útflutningsvöxt lagareldis og hátækniframleiðslu próteins?



Orkusækinn iðnaður

Orkusækinn iðnaður byggðist upp í kringum **málmframleiðslu**, þ.e. ál- og kísiljárnframleiðslu sem eru háframleiðnigreinar. Sterk staða málmframleiðslu byggir á aðgengi að endurnýjanlegri og samkeppnishæfri raforku. Lögð er áhersla á **áframhaldandi alþjóðlega samkeppnishæfni málmframleiðenda á Íslandi** sem m.a. felst í nýsköpun og vöruþróun.

Lögð er áhersla á mikil vaxtartækifæri í gagnaversiðnaði, sem fellur vel að markmiðum atvinnustefnunnar um aukinn og fjölbreyttari útflutning sem byggir á atvinnugreinum með mikla framleiðni. Alþjóðleg eftirspurn eftir þjónustu gagnavera eykst hratt, einkum vegna aukinnar notkunar gervigreindar. Ísland er í sterkri stöðu til að raungera tækifæri í gagnaversiðnaði í ljósi m.a. samkeppnishæfni íslenskrar raforku og hagfelldra veðuraðstæðna fyrir kælingu.

Lögð er áhersla á fleiri tækifæri til vaxtar í iðnaði, meðal annars í **uppbyggingu iðngarða sem nýta aukaafurðir og úrgangsstrauma úr starfandi iðnaði** og skapa grundvöll fyrir nýjar útflutningsgreinar. Slíkt samspil stuðlar að hringrásarhagkerfi, aukinni nýtingu auðlinda og nýrri verðmætasköpun.

Spurningar til hagaðila

- Til hvaða aðgerða geta stjórnvöld gripið til að styðja við framleiðnivöxt, aukið áfallaþol og minni losun í málmframleiðslu?
- Til hvaða aðgerða geta stjórnvöld gripið til að styðja við útflutningsvöxt gagnaversiðnaðar og iðngarða?

Upplifun

Útflutningur upplifunargeirans er að langstærstum hluta drifinn af **ferðaþjónustu**, sem hefur vaxið hratt á undanförnum 15 árum og er nú stærsta útflutningsgrein Íslands. Ferðaþjónustan er ein af stoðum íslensks útflutnings, en framleiðni hennar er minni en hinna stoðanna. Það má að hluta rekja til ungs aldurs greinarinnar og þess að stór hluti starfseminnar er vinnuaflsfrekur. Lögð er áhersla á að **tryggja áframhaldandi framleiðniaukningu í ferðaþjónustu og stuðla að sjálfbærri þróun hennar**.

Skapandi greinar á borð við tónlist, kvikmyndagerð, hönnun og tölvuleiki verða sífellt mikilvægari þáttur í íslenskum útflutningi og auka jafnframt menningarlegt vægi Íslands á alþjóðavettvangi. Vöxtur þessara greina er ekki takmarkaður af náttúruauðlindum, en framleiðni er mjög breytileg milli og innan einstakra greina. Lögð er áhersla á **vöxt útflutnings í skapandi greinum með mikla framleiðni**.

Spurningar til hagaðila

- Til hvaða aðgerða geta stjórnvöld gripið til að styðja við framleiðnivöxt, aukið áfallaþol og minni losun í ferðaþjónustu?
- Til hvaða aðgerða geta stjórnvöld gripið til að styðja við útflutningsvöxt skapandi greina með mikla framleiðni?

Heilsa

Heilsu- og lífvísindaiðnaðurinn, þar á meðal **lyfjaframleiðsla, líftækni, lækningatækni og heilsutækni**, er samkeppnishæfur á alþjóðavísu og er líklega sá hluti hugverkaiðnaðarins sem vex hraðast hér á landi.

Greinin einkennist af **nýsköpun, hugbúnaðarþróun og tækniþróun**, þar sem sérhæft og alþjóðlega menntað starfsfólk vinnur að framúrskarandi lausnum sem bæta lífsgæði og heilsu fólks. Miklir möguleikar eru til áframhaldandi vaxtar í þessum greinum, sérstaklega í lyfjaframleiðslu til skemmri tíma litið.

Vöxtur heilsu- og lífvísindaiðnaðarins fellur vel að meginmarkmiðum atvinnustefnunnar um aukna framleiðni og fjölbreyttari útflutning. Tvær af fimm almennu stefnuáherslum hennar (*Eflum vísindi og nýsköpun* og *Tryggjum færni til framtíðar*) munu leggja sterkan grunn að áframhaldandi vexti þessarar atvinnugreinar á næstu árum.

Spurning til hagaðila
- Til hvaða aðgerða geta stjórnvöld gripið til að styðja við útflutningsvöxt heilsu- og lífvísindaiðnaðar?

Loftslag

Loftslagsgeirinn á Íslandi nær yfir atvinnugreinar á sviði **endurnýjanlegrar orku og kolefnisstjórnunar (kolefnisföngun, -nýting og -binding)**. Báðar þessar greinar einkennast af mikilli framleiðni og sérhæfðri þekkingu og skapa fjölmörg vel launuð störf fyrir hæft starfsfólk.

Stærsta framlag Íslands til loftslagsmála enn sem komið er felst í sölu endurnýjanlegrar raforku til alþjóðlegra útflutningsgreina. Auk þess felast veruleg **útflutningstækifæri í þeirri þekkingu og reynslu sem hefur byggst upp hér á landi á sviði endurnýjanlegrar orku, sér í lagi sem snýr að jarðvarma**.

Merki eru um alþjóðlega samkeppnishæfni Íslands í kolefnisstjórnun, sem byggir m.a. á íslenskri nýsköpun og tækniþróun. Þær lausnir sem þróaðar hafa verið hér geta bæði stutt við innlend loftslagsmarkmið og orðið að verðmætri útflutningsvöru. Að auki gæti varanleg binding kolefnis í bergi á Íslandi opnað ný og umtalsverð útflutningstækifæri.

Spurning til hagaðila
- Til hvaða aðgerða geta stjórnvöld gripið til að styðja við útflutningsvöxt orkuþekkingar og kolefnisstjórnunar?